



Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:
María Hermundsdóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018
Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111
Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126
Í Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands er
boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og
stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein
og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á
www.krabb.is og í síma 800-4040.

Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 13. apríl 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
14. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 6. apríl 2016

Jarðhitaauðlindir við Öxarfjörð og fjölnýting jarðhita

Málþing í tengslum við aðalfund Atvinnuþróunarmfélags Þingeyinga,
mánudaginn 11. apríl kl. 14:30 í Hótel Skúlagarði.

Frummælendur verða Guðmundur Ómar Friðleifsson yfirjarðfræðingur
hjá HS Orku og Sigurður Markússon verkefnisstjóri jarðvarma og
nýsköpunar hjá Landsvirkjun.

Áhugafólki um atvinnumál í héraði er sérstaklega boðið að vera
viðstatt afhendingu árlegra hvatningarverðlauna félagsins og að
taka þátt í málþinginu.



Stjórn Atvinnuþróunarmfélags Þingeyinga



Auglýst er eftir umsóknum um fjármuni til verkefna í tengslum við verkefnið „Raufarhöfn og framtíðin“

Stjórn Byggðastofnunar hefur falið verkefnisstjórn að úthluta í ár, 2016, fimm milljónum króna til að styrkja verkefni og atburði, sem falla að áherslum ofangreinds verkefnis. Áherslur og markmið má sjá á vef Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga atthing.is- [samstarfsverkefni- Brothættar byggðir- Raufarhöfn og framtíðin](#). Sniðmát fyrir umsóknir má finna á sömu vefslóð.

Athugið er að ekki er krafist mótframlags frá umsækjanda en það styrkir umsókn ef verkefnið laðar fram krafta aðstandenda verkefnisins og/eða leiðir til samstarfs aðila sem að jafnaði starfa ekki saman.

Umsóknum um styrki skal skilað á tölvutæku formi, á netfangið silja@atthing.is fyrir klukkan 09:00, mánudaginn 18. apríl 2016.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf gefur Silja Jóhannesdóttir verkefnisstjóri í síma 8661775 eða á netfanginu silja@atthing.is.

Raufarhöfn og framtíðin - Brothættar byggðir



Einnig er minnt á fyrri auglýsingu:

Átt þú í fórum þínum gömul heimasamuð, heklud eða prjónud barnaföt með sögu eða sál?

Byggðasafn Norður-Pingeyinga undirbýr nú sumarsýningu ársins sem verður um heimagerð föt á börn að sex ára aldri. Eigi fólk slík föt í fórum sínum sem eru sérstæð vegna gerðar, aldurs eða sögu, höfum við mikinn áhuga á að fréttu af því og e.t.v. fá lánuð á sýninguna.

Þeir sem eiga áhugaverðar flíkur í þessu samhengi og hafa áhuga á að leggja okkur lið eru beðnir að hafa samband við Sif, í síma 896 8218 eða í með tölvupósti safnahus@husmus.is

Aðalfundarboð

Aðalfundur Félags eldri borgara í Öxarfjarðarhéraði verður haldinn í Stórumörk á Kópaskeri laugardaginn 9. apríl og hefst kl. 14:00 Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og nýir félagar eru velkomnir. Veitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Skert pósthónusta

Um síðustu mánaðamót gekk í gildi skerðing á póstdreifingu í dreifbýli á landinu. Þetta hefur ýmis áhrif á dreifingarsvæði Skeglunnar. Póstferðum er fækkað allt niður í tvær ferðir í viku. Þessi afleita þjónustuskerðing getur leitt til þess að Skeglan berist fólki seinna í hendur en áður.

Vegna þessa er fólki annars vegar bent á að hægt er að fá Skegluna í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum. Þá missið þið ekki af neinu!

Hins vegar er nauðsynlegt að auglýsa viðburði með góðum fyrirvara, því ekki er víst að Skeglan berist á öll heimili fyrir en á föstudögum.

Undirrituð vill gjarnan fréttu af því ef breytingar verða á afhendingartíma Skeglunnar. Notaðu netfangið skeglan@simnet.is eða símann 892-8202.

Með kveðju,
Halldóra



Kór Menntaskólans við Hamrahlíð verður í tónleikaferð um Norður- og Norðausturland dagana 8. - 11. apríl. Kórinn heldur tónleika í Þórshafnarkirkju laugardagskvöldið 9. apríl kl. 20:30.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Efnisskrá tónleikanna er mjög fjölbreytt, kórinn flytur bæði þjóðlög frá ýmsum löndum og tónverk m.a. eftir Giovanni Gastoldi, J. S. Bach, Carl Orff, Jón Þórarinsson, Jón Nordal, Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson og Huga Guðmundsson. Kórinn syngur á 10 tungumálum.

Á þessari önn eru 85 nemendur í kórnum og meðal þeirra eru margir hljóðfæraleikarar.

Stjórnandi kórsins er Þorgerður Ingólfssdóttir og fararstjórar í tónleikaferðinni eru Lárus H. Bjarnason rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og Orri Páll Jóhannsson fulltrúi Reykjavíkurborgar í skólanefnd MH.

Þetta er í fyrsta sinn sem Kór MH heimsækir Langanesbyggð. Auk tónleikanna í Þórshafnarkirkju syngur kórinn við messu í Skeggja-staðakirkju sunnudaginn 10. apríl kl. 13 og heldur tónleika fyrir grunnskólanemendur í Langanesbyggð mánudaginn 11. apríl kl. 13.



MENNINGARMÍÐSTÖÐ ÞINGEYINGA
SNARTARSTADIR

Sumarstarf í Byggðasafni Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum

Auglýst er eftir starfsmanni/mönnum frá

1. júní – 31. ágúst. Byggðasafn Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum er opið alla daga á því tímabili frá 13-17.

Verkefni: Móttaka gesta og leiðsögn um sýningu, afgreiðsla á veitingum, þrif.



Viðkomandi þarf að hafa vera orðinn 20 ára, hafa áhuga á sögu svæðisins, vera fær í mannlegum samskiptum og hafa góða færni bæði í íslensku og ensku. Ýmsar útfærslur eru mögulegar á starfinu, hugsanlega geta tveir aðilar skipt því nokkuð jafnt á milli sín.

Einnig getur einn aðili sinnt því að mestu leyti.

Laun eru greidd eftir kjarasamningum Framsýnar við samninganefnd sveitarfélaga 1. maí 2015-31. mars 2019. Umsóknarfrestur er til 21. apríl.

Umsóknir skal senda á netfangið safnahus@husmus.is

Nánari upplýsingar gefur Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga í síma 464 1860 eða í tölvupósti: safnahus@husmus.is